



## SAMÞYKKT UM SÉRSTAKAR ÁHERSLUR Í KJARAMÁLUM

### A - METUM KENNARASTARFIÐ AÐ VERÐLEIKUM

Sjötti aðalfundur FG leggur áherslu á eftirfarandi varðandi launakjör félagsmanna:

- Laun og önnur starfskjör félagsmanna FG standist ávallt samanburð við kjör annarra sérfræðinga á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að hækka laun félagsmanna FG í takt við laun viðmiðunarhópa. Leiðréttta skal launin áður en farið er í aðgerðir sem fram koma í SALEK skýrslunni.
- Kjör félagsmanna FG verði eftirsóknarverð og samkeppnishæf við laun annarra sérfræðinga á vinnumarkaði.

### B - LEIÐSÖGN KENNARANEMA OG SAMNINGSUMBOÐ KÍ

Sjötti aðalfundur FG bendir á að samningsumboð vegna leiðsagnar með kennaranemum og nemum í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun er hjá Kennarasambandi Íslands. Aðalfundurinn krefst þess að:

- Leiðsögn félagsmanna FG með kennaranemum og nemum í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun í skólum landsins sé launuð með sanngjörnum hætti og bundin kjarasamningi.

### C - KENNSLUREYNSLA METIN MILLI SKÓLAGERÐA

Sjötti aðalfundur FG leggur áherslu á að litið verði á skólagöngu nemenda sem eina heild og starf kennara sömuleiðis. Aðalfundurinn krefst þess að:

- Kennslureynsla sé ævinlega metin til launa og réttinda milli allra skólagærða.

### D - BÆTT KJÖR TRÚNAÐARMANNA

Sjötti aðalfundur FG leggur áherslu á mikilvægi trúnaðarmanna og ályktar eftirfarandi varðandi kjör og starfsaðstæður þeirra:

- Að starfskjör trúnaðarmanna verði bætt, hvað varðar:
  - Tíma til að sinna störfum,
  - starfsaðstöðu,
  - umbun fyrir störf,
  - símenntun/starfsþróun.

### E - RÉTTUR FÉLAGSMANNA TIL FASTRÁÐNINGAR

Sjötti aðalfundur FG leggur áherslu á eftirfarandi varðandi ráðningafestu félagsmanna:

- Að samnings /lögbundinn réttur félagsmanna til fastráðningar verði virtur.



## **F - RÉTTUR FÉLAGSMANNA TIL ORLOFS Á STARFSTÍMA SKÓLA**

Sjötti aðalfundur FG leggur áherslu á að:

- Félagsmenn FG eigi rétt á að velja frítöku í stað greiðslu fyrir yfirvinnu, samanber kjarasamning FL grein 2.3.11.
- Samninganefnd FG kanni hvort félagsmenn FG með lengri orlofsrétt en 24 daga geti tekið viðbótarorlofsdagana (3 eða 6) á starfstíma skóla.